

17. nóvember 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - september 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 59,1 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 30,0 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðuleikaframlögum á árinu 2016 sem námu 68 ma.kr á tímabilinu. Handbært fé lækkar um 38,7 ma.kr. samanborið við lækkun um 111,9 ma.kr. á árinu 2015, afborganir lána á tímabilinu námu 126,8 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – september 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	443.389	469.635	582.284
Greidd gjöld	434.089	472.416	506.317
Tekjujöfnuður	9.300	-2.780	75.976
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-498	-27.185	-16.865
Handbært fé frá rekstri	8.802	-29.966	59.102
Fjárfestingahreyfingar	-13.799	9.651	-2.271
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-4.997	-20.315	56.831
Afborganir lána	-139.802	-139.769	-126.769
Innanlands	-29.398	-31.173	-59.262
Erlendis	-110.404	-108.596	-67.507
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-144.799	-160.084	-69.938
Lántökur	166.878	48.221	31.162
Innanlands	50.440	48.221	31.162
Erlendis	116.438	0	0
Breyting á handbæru fé	22.079	-111.863	-38.777

Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu þrjú ársfjórðunga yfirstandandi árs námu 582,3 ma.kr. sem er 24% aukning frá sama tímabili í fyrra. Ef leiðrétt er fyrir stöðuleikaframlögum, sem voru 68 ma.kr., fæst réttari mynd af þróun heildartekna milli ára. Að þeim frátöldum námu tekjur ríkissjóðs 514,3 ma.kr. sem er 9,5% aukning milli ára. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 457,7 ma.kr. sem er 9,9% aukning frá sama tímabili í fyrra. Það má m.a. rekja til almennra launahækkana á síðasta ári og í byrjun þessa árs og aukinnar einkaneyslu sem endurspeglast í auknum tekjum af launasköttum og sköttum á vöru og þjónustu.



Tekjur ríkissjóðs janúar – september 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	387.189	416.366	457.678	10,8	7,5	9,9
Skattar á tekjur og hagnað	148.121	168.707	182.018	18,6	13,9	7,9
Tekjuskattur einstaklinga	84.560	89.527	108.708	8,6	5,9	21,4
Tekjuskattur lögaðila	29.962	42.402	35.090	34,0	41,5	-17,2
Skattur á fjármagnstekjur	33.599	36.778	38.220	36,1	9,5	3,9
Eignarskattar	9.697	5.796	6.440	5,8	-40,2	11,1
Skattar á vöru og þjónustu	161.279	170.852	191.330	6,1	5,9	12,0
Virðisaukaskattur	105.477	115.115	132.108	8,9	9,1	14,8
Vörugjöld af ökutækjum	3.798	5.242	6.762	10,6	38,0	29,0
Vörugjöld af bensíni	9.034	9.175	9.275	1,0	1,6	1,1
Skattar á olíu	5.437	5.869	6.720	4,8	7,9	14,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	13.649	13.905	15.893	5,9	1,9	14,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	23.884	21.546	20.571	-3,2	-9,8	-4,5
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	4.158	4.169	3.586	11,2	0,3	-14,0
Aðrir skattar	10.196	9.289	10.370	11,3	-8,9	11,6
Tryggingagjöld	53.738	57.553	63.935	6,4	7,1	11,1
Fjárframlög	196	237	242	-24,6	20,9	2,1
Aðrar tekjur	54.597	53.032	55.226	68,5	-2,9	4,1
Sala eigna	1.406	-	1.137	-	-	-
Tekjur alls án stöðugleikaframlaga	443.389	469.635	514.284	15,8	5,9	9,5
Tekjufærð stöðugleikaframlög	.	.	68.000	.	.	.
Tekjur alls með stöðugleikaframlögum	.	.	582.284	.	.	24,0

Tekjuskattur einstaklinga nam 108,7 ma.kr. fyrstu þrjú fjórðunga ársins sem er 21,4% aukning frá fyrra ári. Aukningin milli ára endurspeglar miklar almennar launahækkningar og hátt atvinnustig sem jafnframt skýrir jákvætt 10,1% frávík frá fjárlagaáætlun. Fyrir vikið eykst innheimta tekjuskatts verulega milli ára þrátt fyrir lækkun á skatthlutfalli í 1. og 2. þrepi í ársbyrjun. Tekjuskattur lögaðila nam 35 ma.kr. sem er 17,2% lækkun frá fyrra ári og 16,5% undir áætlun. Endurgreiðsla á sérstökum fjársýsluskatti í kjölfar endurálagningar hefur hér áhrif til lækkunar og sé hún undanskilin er tekjuskattur lögaðila 8,4% meiri en á fyrra ári. Hafa þarf í huga að innheimta tekjuskatts lögaðila er til bráðabirgða fram að álagningunni sem fór fram í lok október, og þróunin milli ára skýrist því betur þegar uppgjör vegna október- og nóvembermánaða liggja fyrir. Þá nam fjármagnstekjuskattur 38,2 ma.kr. en ef leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum nam hann alls 31,0 ma.kr. og var 12,4% umfram áætlun. Rétt er að hafa þann fyrirvara að árleg endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts til lögaðila á eftir að fara fram.

Eignarskattar námu 6,4 ma.kr. og þar af voru stimpilgjöld 3,5 ma.kr. og erfðafjárskattur 2,3 ma.kr. Samanlagt jukust eignarskattar um 11,1% milli ára og voru 24,9% umfram áætlun tímabilsins. Frávikið má annars vegar rekja til aukinna tekna af stimpilgjaldi vegna hækkandi eignaverðs og vaxandi umsvifa á fasteignamarkaði og hins vegar til eftirhreytna af auðlegðarskatti sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu námu 191,3 ma.kr. fyrstu þrjú ársfjórðungana sem er 12% aukning frá fyrra ári. Þar af var virðisaukaskattur alls 132,1 ma.kr. sem er 14,8% aukning milli ára og 9,6% umfram upphaflega



áætlun tímabilsins. Aukningin milli ára endurspeglar aukinn kaupmátt heimilanna og uppgang á mörgum sviðum atvinnulífsins. Þá hefur virðisaukaskattskyld velta í ferðaþjónustutengdri starfsemi aukist umtalsvert milli ára, annars vegar vegna fjölgunar fyrirtækja í gisti- og veitingaþjónustu og hins vegar vegna kerfisbreytingar í ársbyrjun þegar ferðaþjónustutengd starfsemi varð virðisaukaskattskyld. Áhrifa kerfisbreytingarinnar gætir verulega í skattskyldri veltu en heldur minna í tekjum ríkissjóðs enn sem komið er, þar sem innskattur af aðföngum dregst frá útskatti og öðluðust fyrirtækin jafnframt rétt á innskatti að hluta vegna aðfanga sem aflað var fyrir kerfisbreytinguna.

Uppgangur í ferðaþjónustu og aukin einkaneysla hafa einnig haft áhrif á kaup á ökutækjum og hefur nýskráðum bifreiðum fjölgað um 4,2% samkvæmt Samgöngustofu. Í kjölfarið hafa vörugjöld af ökutækjum aukist um 29% milli ára og námu alls 6,8 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Auknar skatttekjur af eldsneyti vegna eru einnig merki um áhrif ferðaþjónustunnar á tekjuöflun ríkissjóðs.

Áfengis- og tóbaksgjöld námu samtals 15,9 ma.kr. og voru 5,4% undir áætlun. Þar af var áfengisgjald 11,5 ma.kr. sem er 21% aukning frá fyrra ári. Aukningin skýrist af 5,1% aukningu í áfengissölu það sem af er ári en þó einkum af kerfisbreytingu í ársbyrjun þegar gjaldið var hækkað samhliða því að áfengi var fært úr almennu þrepi virðisaukaskatts í neðra þrep. Þá var gerð breyting á uppgjörstímabili áfengisgjalds sem var lengt úr hálfum mánuði í einn mánuð. Sú breyting skýrir að hluta til 6,7% neikvætt frávik frá áætlun fjárlaga þar sem innheimtutímabilið er hálfum mánuði styttra en fyrir séð var. Tekjur af tóbaksgjaldi eru óbreyttar milli ára og námu 4,4 ma.kr. sem er 1,7% undir áætlun.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu 3,6 ma.kr. fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins og voru 26,3% umfram áætlun. Tekjustofninn dróst þó saman um 14% frá fyrra ári sem má rekja til afnáms tolla af fatnaði og skóm í byrjun árs sem er fyrri áfangi af tveimur til einföldunar á tollkerfinu. Síðari áfanginn er tímasettur í ársbyrjun 2017.

Tryggingagjald nam alls 63,9 ma.kr. og var 2,7% umfram áætlun. Tekjurnar jukust um 11,1% milli ára sem endurspeglar bæði almennar launahækkningar og hærra atvinnustig en í fyrra. Á móti kemur að tryggingagjaldið var lækkað um 0,5 prósentustig þann 1. júlí síðastliðinn og gætir áhrifa lækkunarinnar í innheimtu ágúst- og septembermánaðar.

Liðurinn „Aðrar tekjur“ í töflunni nær yfir tekjur af arði, vöxtum, veiðigjaldi, ýmsum neyslu- og leyfisgjöldum, sektum og fleiri liðum sem ekki flokkast sem skatttekjur. Þar af er arður 30,7 ma.kr., vaxtatekjur 10,7 ma.kr., veiðigjald 5,8 ma.kr. og annað samtals um 8 ma.kr. á tímabilinu janúar-september. Hækkun þessara liða í heild milli ára er 4,2%. Rétt er að geta þess að stöðugleikaframlag er nú sýnt sérstaklega neðst í töflunni, en hefur fram að þessu verið innifalið í liðnum „Aðrar tekjur“.

Stöðugleikaframlög frá slitabúum hafa runnið til ríkissjóðs í formi ýmissa eigna á árinu. Bókfærð innheimta vegna þeirra á tímabilinu janúar til september nam alls 68 ma.kr. Þar af komu 17 ma.kr. til ráðstöfunar hjá ríkissjóði í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin en 51 ma.kr. var í mars og júní notaður til að greiða niður lán frá Seðlabanka Íslands. Hafa ber í huga að hér kemur aðeins fram sá hluti stöðugleikaframlagsins sem hefur verið ráðstafað með framangreindum hætti, en stærstur hluti þess auk hliðaráhrifa á aðrar tekjur, er aðgreindur frá hefðbundnu tekjuuppgjöri ríkissjóðs.



Greidd gjöld námu 506,3 ma.kr. og jukust um 33,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 7,2% sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar - september 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	55.734	56.886	54.204	1,6	2,1	-4,7
Almenn opinber þjónusta	38.478	40.537	44.334	1,2	5,4	9,4
Almannatryggingar og velferðarmál	102.318	103.711	110.370	2,8	1,4	6,4
Heilbrigðismál	101.882	109.652	123.943	7,8	7,6	13,0
Efnahags- og atvinnumál	45.758	65.778	67.054	11,7	43,8	1,9
Menntamál	40.378	43.198	46.650	1,0	7,0	8,0
Menningar- og félagsmál	13.567	13.968	15.633	1,7	3,0	11,9
Lög- og réttargæsla	16.482	16.602	17.888	1,5	0,7	7,7
Önnur útgjöld	19.491	22.083	26.241	29,8	13,3	18,8
Gjöld alls	434.088	472.416	506.317	5,8	8,8	7,2

Almenn opinber þjónusta hækkar um 3,8 ma.kr. milli ára eða 9,4%. Þar af hækka almenn fjárframlög til sveitarfélaga um 1,9 ma.kr. Önnur almenn opinber þjónusta hækkar um 1,3 ma.kr. á milli ára og þar af eru fasteignir ríkissjóðs með um 0,3 ma.kr og Rannsóknarsjóður með um 0,7 ma.kr. hækkun frá fyrra ári.

Útgjöld vegna efnahags- og atvinnumála námu um 67 ma.kr. og jukust um 1,3 ma.kr. eða 1,9% frá fyrra ári. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðismála eru 3,7 ma.kr. lægri en á sama tímabili árið áður. Mesta aukning útgjalda milli ára er vegna samgöngumála, aukning um 1,3 ma.kr og vegna rannsóknar og þróunar í efnahags- og atvinnumálum um 0,9 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 124 ma.kr. og jukust um 14,3 ma.kr. milli ára eða um 13,0%. Megin skýring á aukningu milli ára er vegna sjúkrahúspjónustu sem jókst um 5,7 ma.kr., sem er 11,9% aukning, þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólasjúkrahúss sem eykst um 4,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækka um 3,6 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 1,3 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld menntamála námu 46,7 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 3,2 ma.kr. eða 8,0% milli ára. Framlög til framhaldskóla hækka um 8,1 % á milli tímabila eða um 1,4 ma.kr. og framlög til háskóla hækka um 7,1% eða 1,6 ma.kr.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 110,4 ma.kr. og aukast um 6,7 ma.kr. eða 6,4%. Framlög til aldraðra aukast um 3 ma.kr. Þar af eru lífeyristryggingar að aukast um 3,9 ma.kr. Örorkubætur aukast um 4,1 ma.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 4,2 ma.kr. á tímabilinu eða 18,8%, helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 7,8 ma.kr. sem er hækkun um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyrisskuldbindingar sem námu 11,6 ma.kr. og hækkuðu um 2,3 ma.kr. á milli ára.

Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:



Útgjöld einstakra málaflokka – breyting milli ára janúar - september 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi		Br. frá
	hv. árs		fyrri ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.972	3.463	16,5
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	7.933	8.184	3,2
Utanríkismál	8.942	8.847	-1,1
Önnur almenn opinber þjónusta	7.355	8.639	17,5
Fjármagnskostnaður	56.886	54.204	-4,7
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	13.335	15.200	14,0
Almenn opinber þjónusta	97.422	98.538	1,1
Lög- og réttargæsla	16.602	17.888	7,7
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	4.816	5.197	7,9
Landbúnaðarmál	10.063	10.301	2,4
Samgöngumál	19.568	20.881	6,7
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	4.205	5.081	20,8
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	19.129	15.427	-19,4
Önnur efnahags- og atvinnumál	7.998	10.167	27,1
Efnahags- og atvinnumál	65.778	67.054	1,9
Lyf og lækningavörur	13.590	14.959	10,1
Heilsugæsla	22.997	26.565	15,5
Sjúkrahúsþjónusta	47.819	53.503	11,9
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	21.775	25.235	15,9
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	3.471	3.680	6,0
Heilbrigðismál	109.652	123.943	13,0
Menningarmál	6.394	7.261	13,6
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	7.574	8.371	10,5
Menningar- og félagsmál	13.968	15.633	11,9
Framhaldsskólastig	16.776	18.128	8,1
Háskólastig	22.993	24.622	7,1
Önnur menntamál	3.429	3.900	13,7
Menntamál	43.198	46.650	8,0
Örorka og fötlun	26.433	30.564	15,6
Öldrun	37.088	40.080	8,1
Fjölskyldur og börn	17.722	19.613	10,7
Atvinnuleysi	9.128	7.801	-14,5
Vaxtabætur	7.110	5.249	-26,2
Önnur trygginga- og velferðarmál	6.231	7.062	13,3
Almannatryggingar og velferðarmál	103.711	110.370	6,4
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	9.267	11.556	24,7
Fjármagnstekjuskattur	7.070	7.834	10,8
Annað	5.746	6.851	19,2
Önnur útgjöld	22.083	26.241	18,8
Gjöld alls	472.416	506.317	7,2



Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 56,8 ma.kr. til samanburðar við neikvæðan lánsfjárfjöfnuð um 20,3 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Afborganir lána námu 126,7 ma.kr. á tímabilinu, nokkuð lægra en á síðasta ári þegar þær námu 139,7 ma.kr. Erlendar afborganir námu 67,5 ma.kr., í janúar var lán í breskum pundum frá 1981 og 1983 greitt á gjalddaga og í júní voru eftirstöðvar skuldabréfaútgáfu frá árinu 2011 greiddar upp. Innlendar afborganir námu 59,2 ma.kr., stærstan hluta þeirra má rekja til ráðstöfun stöðugleikaframlaga til niðurgreiðslu skulda, en 25 ma.kr. voru greiddir inn á skuldabréf Seðlabanka Íslands í mars og í júní keypti ríkissjóður til baka eigin bréf í flokknum RIKH 18. Innlendar lántökur tímabilsins námu 31,1 ma.kr., engin erlend lántaka átti sér stað á þessu ári.